

Ég heiti **Sigurþór Ingi Sigurðsson** og er fæddur árið 1984. Hef búið í Svíþjóð og Garðabæ en búið nú í tæp 10 ár í Kjósinni. Á yngri árum var ég í sveit í Miðdal þaðan sem ég á ættir að rekja og einnig Eilífsdal



Bý á Borgarhól ásamt Helgu Hermannsdóttur sem er fædd og uppalin á Hjalla og eigum við tvo stráka; þá Hermann Inga og Styrmir Örn

Menntun og reynsla – nokkur atriði

- Var í Menntaskólanum í Hamrahlíð
- Hef tekið kúrsa í Háskóla Íslands bæði í sálfræði og félagsfræði
- Er lærður og starfa nú sem rennismiður hjá Marel Ísland í Garðabæ
- Hef tekið aðeins þátt í nefndarstörfum í hreppnum og þá sem varamaður í bæði sóknarnefnd og stjórn Ungmennafélgsins Drengs

Ég hef lengi haft sterkar taugar til Kjósarinnar og hafa þær einungis styrkst á undanförunum árum

Útivist og veiði skipa stóran sess í mínu lífi og hefur vera og búseta í Kjósinni haft sitt að segja með það enda einstök náttúruperla sem bíður uppá margskonar afþreyingu á því sviði. Ég vil að við höldum henni þannig og þössum vel uppá hana

Hef ekkert nema góða reynslu af fólki í sveitinni og þeim sem stjórna henni og hefur nú á síðustu misserum heilmikið gerst þar sem komin er hitaveita og nánast ljósleiðaratenging. Kjósarhreppur státar eins og ég segi af fallettri náttúru og búskap á sveitabæjum með dreifðri sumarbústaðabyggð

Til að telja upp það sem ég hef ofarlega í huga þegar nefnd eru sveitarstjórnarmál, má nefna;

- Umhverfismál – náttúruperla sem hefur sérstöðu nálægt borg, meiri upplýsingar eða skiltagerð með tilliti til ferðamanna – jafnvel afmörkuð svæði, ýta undir snyrtilegt umhverfi og undir þetta fellur sorphirðumál sem þarf að bæta úr
- Rekstur og peningamál – eitthvað sem ég þarf að setja mig vel inní en umfram allt að rekstur og fjárfestingar séu skynsamlegar. Hitaveitukostnaður á ekki að hækka heldur öfugt. Félagsmál geta fengið meiri athygli einnig, en þar sem ég er fjölskyldumaður munu mínar ákvarðanir taka mið af hag fólks með börn
- Ljósleiðari er eitthvað sem þarf að klára þar sem byrjað er á honum og þrýsta á tengingu hans
- Að auki tel ég að upplýsingaskylda sveitastjórnar þyrfti að vera meiri
- Stuðla að því að vegir séu með reglulegu millibili heflaðir
- Samkennd er mikilvæg, ýta undir samgang íbúa og hvetja til viðburða fyrir börn og barnafólk

Finnst það rétt að bjóða fram krafta mína til starfa í samfélaginu sem ég bý í ef fólk telur að ég eigi upp á pallborðið í sveitastjórn

Ög ef svo fer að ég fái sæti í sveitastjórn hef ég áhuga á og mun einsetja mér að sitja námskeið í sveitastjórnun svo þjónað megi maður betur